



# OPIÐ HÚS

## HJÁ SKÓLASKRIFSTOFU MOSFELLSBÆJAR

### Meðvirkni barna

Næsta opna hús vetrarins hjá Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar verður haldið miðvikudaginn 25. nóvember klukkan 20 í Listasal Mosfellsbæjar

Eins og fram hefur komið, er á **opnum húsum** lögð áhersla á hagnýt ráð varðandi uppeldi og samskipti við börn og unglunga.

Ráð sem foreldrar, systkin, amma og afi, þjálfarar, kennarar og allir þeir sem koma að uppveiti barna og unglunga geta nýtt sér.

Á öðru opna húsi vetrarins ætla **Valdimar Þór Svavarsson** ráðgjafi frá Lausninni að fjalla um meðvirkni barna.

Eru börn meðvirk? Hvernig þróast meðvirkni í uppveitinum og á hvaða hátt birtist hún þegar við verðum eldri?

Að vera meðvirkur er að eiga í erfiðleikum með samskipti eða tengsl í einhverri mynd. Þar getur verið um að ræða stjórnsemi okkar eða annarra, óöryggi í hinum ýmsu aðstæðum, ótti við að tjá raunverulegar tilfinningar og skoðanir, ótti við að segja sannleikann, kvíði fyrir samskiptum eða aðstæðum eða erfiðleikar við að koma okkur út úr skaðlegum samskiptum.

Áhugavert innlegg sem á sannarlega erindi til þeirra er koma að uppeldi barna með einum eða öðrum hætti.



Þverholt 2 | 270 Mosfellsbæ  
Sími 525 6700 | [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is)  
[www.mos.is](http://www.mos.is)

Opnu húsin hjá Skólaskrifstofu eru alltaf haldin síðasta miðvikudag í mánuði yfir veturinn, í Listasal Mosfellsbæjar frá klukkan 20 - 21. Athugið að gengið er inn austan megin (Háholtsmegin).

Aðgangur er ókeypis og öllum opin.  
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar.



[Viltu deila þessu á Facebook ?](#)

